

Grunnskólinn á Ísafirði

Veturinn 2025-2026



Bekkjarnámskrá

1. bekkjar



Umsjónarkennarar: Elín Sveinsdóttir og Marzena Glodkowska

Stuðningsfulltrúar: Arnheiður I Svanbergisdóttir og Arna Lind Kristinsdóttir

Sérkennari: María Lárusdóttir

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Í fyrsta bekk eru 31 nemandi og kennsla í stofum 107 og 108.

Byrjendalæsi: Íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni.

Kennarar: Elín Sveinsdóttir og Marzena Glodkowska.

Skólinn vinnur samkvæmt vinnulagi Byrjendalæsis í íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Samþætting námsgreina er mikil í 1. bekk og er oft unnið með nokkrar námsgreinar út frá sömu bókinni.

Námstilhögun: Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun. Einnig er unnið með sértæka þætti móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétritun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði. Unnið er með merkingarbær viðfangsefni – gædatexta með áherslu á lestur, hlustun, tal og ritun á heildstæðan hátt og takturinn í læsinnáminu er frá heild til eindar og aftur til heildar. Íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni eru samþætt inn í vinnuna með textann, sem valinn er hverju sinni og á þann hátt er leitast við að gera námið eins heildstætt og kostur er.

Markmið: Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýni umhyggju og sáttfýsi og átti sig á því að þeir eru hluti af stærra samfélagi þar sem lögð er áhersla á jafna stöðu fólks, þrátt fyrir ólíkan uppruna, hæfileika og færni. Einnig að nemendur geti áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. Mikilvægt er að þeir sýni tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra og átti sig á því að athafnir þeirra hafa afleiðingar, bæði góðar og slæmar. Lögð er áhersla á að efla sjálfstraust nemenda í anda uppbyggingarstefnunnar og fræðist þannig um skólann sinn, heimabyggð, land og þjóð.

Námsefni: Ýmsar barnabækur og verkefni unnin af kennurum, lestrarlandi 1+ og 2+. Skrift 1A og 1B, ritrún 1.

Lestur

Markmið: Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu. Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.

Námsefni: Gæðatexti og ýmsar léttlestrarbækur. Heimavinna: Heimalestur að minnsta kosti 5 daga vikunnar.

Námsmat: Lesfimipróf MMS, vorpróf, lesskilningskannanir, símat á verkefnum, sjálfsmat nemenda. Lesskimunarprófið Lesferill er lagt fyrir í október.

Skrift

Markmið: Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.

Námsefni: Lestrarlandið vinnubók 1+ og 2+. Skrifarbækurnar Skrift 1a og Skrift 1b, ásamt ýmsum skriftaræfingum.

Námsmat: Símat á verkefnum.

Ritun

Markmið: Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

Námsefni: Efni útbúið af kennurum og í tengslum við Byrjendalæsi.

Heimavinna: Skrifa sögu í tengslum við stafainnlögn.

Námsmat: Símat á verkefnum.

Lífsleikni

Markmið:

- Að vinna gegn einelti og efla félagsþroska nemenda.
- Að nemendur læri gildi sjálfsábyrgðar í leik og starfi
- Að nemendur þjálfist í framkomu og hæfni til að umgangast vini og félagar.
- Að nemendur geti unnið með öðrum og sett sig í spor þeirra.
- Að nemendur læri um gildi þess að ganga vel um náttúruna og allt sitt daglega umhverfi.
- Að nemendur þjálfist í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum.

Námsefni: Uppbyggingarstefnan og Litahegðun. Farið verður í ýmsar samskipta-, sögur, leiki og spil og ýmislegt sem þjálfar nemendur í að koma vel fram við aðra.

Námsefni: Gæðatexti sem er unnið út frá Byrjendalæsi. Ýmis verkefni tengd uppbyggingarstefnunni, klípusögur, samstöðuleikir og sjálfstyrkingarverkefni.

Námsmat: Lesfimiþróf MMS, vorþróf, lesskilningskannanir, símat á verkefnum, sjálfsmat nemenda. Lesskimunarþrófið Lesferill er lagt fyrir í október. Einnig er notast við leiðsagnarnám.

STÆRÐFRÆÐI:

Kennarar: Elín Sveinsdóttir og Marzena Glodkowska.

Markmið: Að nemendur þekki þau stærðfræðilegu hugtök sem unnið er með. Að þeir geti lesið og skrifað tölur frá 0 – 20 og temji sér að rökstyðja svör sín og niðurstöður ásamt því að þjálfast í að finna ólíkar leiðir að lausnum.

Námsefni: Sproti 1A nemendahefti, Sproti 1A æfingahefti, Sproti 1B nemendahefti og Sproti 1B æfingahefti. Stærðfræðispæjarar 1, ýmis ljósrit og stöðvarvinna.

Námstilhögun: Reglulega er unnið með viðfangsefnin á hlutbundin hátt í takti við þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir í Sprotu.

Námsmat: Símat og kaflapróf.

TÓNMENT:

Kennarar: Elín Sveinsdóttir, Marzena Glodowska og Jórunn Björk Magnúsdóttir frá Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Markmið: Að nemendur nái tókum á grunnhugtökum tónlistarinnar (t.d. sterkt/veikt). Að nemendur kynnist hrynn- og hreyfileikjum í gegnum tónlist.

Námstilhögun: Nemendur taka þátt í verkefninu Syngjandi skóli í samstarfi við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Umsjónarkennarar æfa þrógammið í Syngjandi skóli, ásamt ýmiskonar tónlist og söng.

Námsefni: Kennarar velja efni.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

ÍÞRÓTTIR og SUND:

Kennarar: Lillý Viðarsdóttir, Árni Heiðar Ívarsson og Jón Halfdán Pétursson.

Markmið: Meginmarkmið skólaíþróttar er að stuðla að almennum hreyfiþroska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.

Námstilhögun: Kennarar eru tvær kennslustundir í íþróttum og ein í sundi. Árganginum er kennt í Íþróttahúsinu á Austurvegi. Í september og maí eru útiíþróttir. Sund er kennt í þremur sundhópum í Sundhöll Ísafjarðar. Hreyfiþroskapróf er lagt fyrir nemendur á miðjum vetri.

Námsmat: Símat, auk þess er framkoma og virkni metin til einkunnar.

ÚTIVIST:

Kennarar: Linda Kristín Grétarsdóttir og Árni Heiðar Ívarsson.

Markmið:

- að efla jákvætt viðhorf til hreyfingar
- að efla jákvæða sjálfsmýnd
- að svala hreyfiþörf og nýjungagirni
- að nemendur þekki nánasta umhverfi skólans
- að njóta þess að vera úti í náttúrunni

Námstillhögun: Útivist er einu sinni í viku samkvæmt stundaskrá en reynt að fara oftar þegar tækifæri gefst til.

MYNDMENNT:

Kennari: Elín Sveinsdóttir og Marzena Glodkowska

Kennslutilhögun: Hver bekkur fær 1 kennslustund á viku.

Námsefni: Útbúið af kennara og verkefni af vefnum. Margs konar vinna með liti, pappír, lím, málningu, o.fl.

Kennsluhættir: Viðfangsefni er kynnt nemendum með stuttum fyrirlestrum þar sem hugmyndir þeirra um efnið er rætt, ásamt því er efninu fylgt úr hlaði með sýnikennslu. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni á eigin hraða eftir getu. Lögð er áhersla á að nemendur þroski sköpunarfærni sína.

Markmið: Fjallað um eigin verk og annarra. Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.

Námsmat: Námsmat samanstendur af leiðsagnamati kennara og símat.Sjálfsmat.

HRINGEKJA

TEXTÍLMENNT:

Kennari: Victoria Rose Germono De Vera.

Námstillhögun: Hringekja, þrjú hópar. Hver hópur tekur tvö tímabil í hverri grein. Nemendur mæta í eina kennslustund á miðvikudögum og tvær samfelldar kennslustundir á fimmtudögum í viku á hvoru tímabili.

Markmið: Að nemendur kynnist verklagi í einföldum hannyrðum, læri að umgangast verkfæri og áhöld meðal annars nálar og skæri. Mikilvægt að nemendur sýni vandvirkni og vönduð vinnubrögð.

Námsmat: Símat.

HEIMILISFRÆÐI:

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Námstilhögun: Hringekja – 40 mín á miðvikudögum, 80 mín á fimmtudögum. Bekkjunum tveimur er skipt upp í þrjá, blandaða hópa. Hver hópur fær tvö tímabil í hverri grein – eitt fyrri part vetrar og annað seinni hluta vetrar.

Námsefni: Gott og gaman. Uppskriftir og annað efni frá kennara.

Markmið:

- að nemendur kynnist helstu áhöldum í eldhúsi og æfi sig í að vinna með þau
- að nemendur kynnist gildum hollrar næringar og heilbrigðra lífshátta
- að nemendur tileinki sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið
- að nemendur tileinki sér jákvæð samskipti við borðhald

Námsmat: Nemendur fá gefin tákni fyrir metanleg hæfniviðmið. Áhersla á leiðsagnanám.

HÖNNUN OG SMÍÐI:

Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir.

Námstilhögun: Hringekja, þrjú hópar. Hver hópur tekur tvö tímabil í hverri grein.

Nemendur mæta í eina kennslustund á miðvikudögum og tvær samfelldar kennslustundir á fimmtudögum á hvoru tímabili.

Markmið: Að nemendur kynnist mismunandi efniviði, verkfærum og vinnubrögðum. Fái tækifæri til að þjálfa hug og hönd og fínreyfingar. Verkefni eru að pússa, saga, bora og mála.

Námsmat: Símat.

FORELDRASAMSTARF:

Oftast er hægt að ná tali af kennurum utan kennslustunda, með tölvupósti eða að hringja í skólann 450-8300.

Lögð er áhersla á að foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann, hvort heldur er á skemmtanir eða í heimsókn á venjulegum skóladegi.

Tveir foreldrar eru tengiliðir fyrir hönd foreldrahópsins. Tengiliðir leggja drög að atburðum á vegum foreldra og útvista verkefnum til foreldrahópsins.

Vinabekkur

Fyrsti bekkur er í vinabekkjatengslum við 8. bekk. Þessir bekkir hittast reglulega og gera ýmislegt skemmtilegt saman.